Karateúrslit

Hér á eftir birtast úrslit og stigaskor hvers og eins á unglingameistaramóti Íslands í karate sem fram fór í íþróttahúsinu við Austurberg.

Kata barna, fæddra '84:
1. Baldvin Oddsson, UBK 19,7
2. Sigdís Vega, Haukum 19,5
3. Andri Sveinsson, Fylki 19,4
4. Þórður Daníelsson, KFR.....19,4

Kata barna, fæddra '82–'84:
1. Erlingur Tryggvas., Þórsh. ...20,4
2. Fanney Sigurðard., UBK 20,0
3. Einar Jónsson, Þórsh.....19,8
4. Ólafur Kjartansson, Þórsh. ...19,6

Kata krakka, fæddra '80–'81:
1. Birkir Jónsson, Baldri 22,1
2. Þorbjörg Tryggvad., Baldri ...21,8
3. Jónas Ólason, UBK 21,6
4. Jón Helgason, Baldri.....21,2

Kata táninga, fæddra '78–'79:
1. Kristján Guðjónss., Þórsh. 22,3
2. Lárus Jónsson, Baldri.....22,0
3. Vilhjálmur Vilhjálmss., KFR 22,0
4. Gunnar Gunnarss., Akran. ..21,8

Kata unglinga, fæddra '76–'77:
1. Eiríkur Steinsson, Stjörn. 21,8
2. Erlingur Guðleifsson, Þórsh. 21,6
3. Halldór Magnússon, UBK 21,6
4. Jóna B. Guðjónsdóttir, Self. ..21,4

Kata unglinga, fæddra '74–'75:
1. Þorsteinn Bjarnas., Stjörn.....22,2
2. Þorleifur Jónsson, Þrótti.....21,9
3. Benedikt Valdimarsson, Self.21,3
4. Ingólfur Snorrason, Self. 21,3

Kata unglinga fæddra '72–73:
1. Róbert Axelsson, Stjörn.....22,1
2. Hinrik Hoe, Þórsh. 21,5

Hópkata krakka, fæddra '80:
1. Baldur, A-lið: Birkir Jónsson, Lárus Jónsson og Þorbjörg Tryggvadóttir.
2. A-lið UBK: Stefnir Agnarsson, Ingólfur Sigurðsson og Hrólfur Karl Cela.
3. A-lið Þórshamar: Hrafnkell Sigríðarson, Ari Tómasson og Sveinn Sævarsson.

Hópkata táninga, fæddra '76–79:
1. Þórshamar, E-lið: Kristján Guðjónsson, Guðmundur Óli Gunnarsson og Erlingur Guðleifsson.
2. Fylkir, C-lið: Arnar Arnórsson, Pétur Arnórsson og Geir Ágústsson.
3. Akranes, A-lið: Gunnar Már Gunnarsson, Michael Madsen og Hrafn Ásgeirsson.

Kumite stráka, fæddra '80:
1. Birkir Jónsson .....Baldri
2. Jón Atli Helgason .....Baldri
3. Svavar Ottesen .....UBK
4. Sigurður Úlfarsson .....Haukum

Kumite telpna, fæddra '77–'80:
1. Ester Jónsdóttir .....KFR
2. Rakel María Oddsdóttir .....Fylki
3. Þorbjörg Tryggvadóttir.....Baldri
4. Eva Alfreðsdóttir .....Þórshamri

Kumite stúlkna, fæddra '72–'76:
1. Fanney Karlsdóttir ....Þórshamri
2. Inga Rós Skúladóttir.....KFR
3. Margrét Hallmundard. .....Hamri
4. Margrét Guðjónsdóttir .....UBK

Kumite drengja, fæddra '78–'76
1. Davíð Örn Sigurðsson .....KFR
2. Lárus Jónsson.....Baldri
3. Ásgeir Ingvarsson .....Þór
4. Geir Ágústsson .....Fylki

Kumite pilta, fæddra '74–'75:
1. **Guðmundur Ketilsson.....Fylki**
2. **Þorleifur Jónsson .....Þrótti**
3. **Salvar Björnsson .....KFR**
4. **Þorsteinn Bjarnason .....Stjörn.**

Kumite pilta, fæddra '76–'77:
1. Halldór Magnússon.....UBK
2. Ólafur Nielsen .....UBK
3. Lárus Welding.....KFR
4. Erlingur Guðleifsson.Þórshamri

Kumite unglinga, fæddra '72–'73:
1. Hjalti Ólafsson .....Þrótti
2. Róbert Axelsson.....Stjörn.
3. Hinrik Hoe .....Þórshamri

Baldur efst í stigakeppninni

Mikla athygli vakti að Baldur frá Hvolsvelli sigraði í stigakeppninni og hlaut bikar að launum. Það sem var enn eftirtektarverðara var að félagið tefldi aðeins fram fjórum keppendum. Það er því óhætt að fullyrða að keppendur Baldurs hafi unnið fyrir kaupinu sínu. Stigataflan lítur annars þannig út.

1. **Baldur, Hvolsvelli 18**
2. **Þórshamar, Rvk 16**
3. **UBK, Kópavogi 15**
4. **KFR, Rvk 11**
5. **Fylkir, Rvk 8**
6. **Stjarnan, Garðabæ 6**
7. **Þróttur, Rvk.....4**
8. **Haukar, Hafnarfirði 2**

9.–12. Akranes, Selfoss, Hamar frá Hveragerði og Þór frá Þorlákshöfn, öll með 1. stig.

-Hson

Unglingameistaramót Íslands í karate:

Krakkarnir í Baldri komu, sáu og sigruðu

– hlutu 18 stig og bikarinn í höfn. Þórshamar með 16 stig

Unglingameistaramót Íslands í karate yngri flokka fór fram í íþróttahúsi Fjölbrautaskólans í Breiðholti síðastliðinn laugardag, 6. febrúar. Keppt var um farandbikar, í fyrsta sinn, og hlaut stigahæsta félag mótsins hann sem var Baldur frá Hvolsvelli með 18 stig.

Frammistaða krakkanna í Baldri er stórglæsileg og ljóst að þeir feðgar, Kári Rafn Sigurjónsson og synirnir Sölvi og Sigmundur, hafa ekki setið auðum höndum síðustu vikurnar og mánuðina. Þeir hafa unnið hreint þrekvirki í uppbyggingu íþróttarinnar á Hvolsvelli.

Að sögn Karls Gauta Hjaltasonar, formanns Karatesambands Íslands, var góð þátttaka í mótinu því mættir voru 156 keppendur frá 13 félögum, en svo mörg félög hafa aldrei fyrr tekið þátt í þessu móti.

Hæfni unglinganna bendir tvímælalaust til þess að framfarir hafi orðið gífurlegar í karate undanfarin ár og framtíð íþróttarinnar því björt hér á landi.

Ætla mér að ná langt

Kristján Guðjónsson, Þórshamri, sigraði í kata í flokki fæddra 1979. Hann er nýorðinn 14 ára:

„Ég er frekar ánægður með frammistöðuna en ég var frekar óstyrkur í byrjun en það lagaðist. Mér finnst svolítið erfitt að gera upp á milli kumite og kata en hefur þó alltaf gengið betur í kata. Ég er kominn með „þriðja que", sem er fyrsta brúna beltið og vantar mig enn þrjú belti upp í svart. Auðvitað langar mann að bæta sig í kumite, sem er bardagi, en undirstaða þess er auðvitað að vera fær í kata sem er þannig að maður er að kljást við ímyndaðan andstæðing. Ég byrjaði að æfa karate fyrir 5 árum og sé sko ekki eftir því. Karate er í einu orði sagt frábær íþrótt. Aðalþjálfari minn er Ólafur Wallevik, 3. dan, og er hann frábær og æfi ég fimm sinnum í viku," sagði Kristján.

Það voru mikil forföll hjá Umf. Hamri, Hveragerði. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 18 ára, lék því stórt hlutverk, því hún var merkisberi síns félags og eini fulltrúinn á unglingameistaramótinu. Hún segir þó að það æfi allt upp í 30 manns hjá karatedeildinni og áhugi sé mikill. Stúlkan kræki í 1 stig sem verður að teljast gott.

Umsjón
Halldór Halldórsson

Kristján getur náð langt

Ólafur Wallevik, er fyrrum landsliðsþjálfari í Noregi, en þjálfar nú íslenska landsliðið og að auki starfar hann hjá Þórshamri þegar tími gefst. Ólafur hefur keppt og starfað sem þjálfari í 10 löndum. – Hvað finnst honum um framtíðarhorfur hins 14 ára, Kristjáns Guðjónssonar, Þórshamri, sem karatemanns?

„Miðað við aldur og þann styrk sem Kristján hefur og þá sérstaklega í höndum og handleggjum hefur hann alla möguleika til þess að ná alveg á toppinn. Haldi hann einbeitingunni og æfi næstu ár eins og hann hefur gert fram til þessa stoppar hann ekkert til að ná því markmiði. Í raun er hægt að benda á fleiri unga karatemenn á Íslandi, sem eiga þessa möguleika, því það er mikil gróska í íþróttinni á Íslandi," sagði Wallevik.

Mikill áhugi á Selfossi

Jóna Bríet Guðjónsdóttir, 15 ára, Umf. Selfossi, kvað áhuga vera mikinn á karate á Selfossi:

„Ég byrjaði að æfa karate fyrir þremur árum og finnst mér karate frábær íþrótt. Það sem hvatti mig til að byrja á þessu var að ég sá eitt sinn kennarann minn sýna „kata" í skólanum og varð ég ofsalega hrifin og dreif mig strax á næstu karateæfingu og skrifaði mig inn og sé ég ekki eftir því," sagði Jóna Bríet.

Örar framfarir

Fanney Karlsdóttir, 16 ára, er meðlimur í Þórshamri. Hún byrjaði að æfa hjá félaginu fyrir þremur árum:

„Ég verð var við miklar framfarir hjá mér, sérstaklega þegar maður sér þá sem eru að byrja núna. Jú, mér finnst karate gefa manni aukið sjálfstraust og þá ekki hvað síst sjálfsögun. Alla vega finnst mér það," sagði Fanney.

Margrét var einsömul

Karatedeild Umf. Hamars í Hveragerði sendi einn þátttakanda á unglingameistaramótið, Margréti Hrönn Hallmundsdóttur, sem keppti í elsta flokki í kumite:

„Karate er mjög krefjandi íþrótt, bæði fyrir sál og líkama. Ég byrjaði að æfa fyrir tveimur árum. Það er mikill áhugi fyrir íþróttinni og æfir að staðaldri um 15 manna kjarni hjá deildinni og hafa reyndar mætt allt upp í 30 manns á æfingar og meiningin var að sjálfsögðu að fleiri tækju þátt í meistaramótinu, en forföll eru mikil, eins og þú sérð. Einnig er í gangi starfsemi yngri flokka. Visente, þjálfarinn hjá Fylki, hefur annast þjálfun hjá okkur og hefur hann reynst vel. En hann mætti samt koma oftar en einu sinni í viku til okkar. – Við æfðum þrisvar í viku fyrir áramót en höfum misst einn tímann vegna þess hve mikil ásókn er í íþróttahúsið í Hveragerði," sagði Margrét.

-Hson

Til hægri er Svavar Ottesen, Breiðabliki, og til vinstri er Jón Atli Helgason, Baldri frá Hvolsvelli. Þeir eru hér í hörkuviðureign í kumite stráka fæddra 1980. Það var með ólíkindum hvað þeir voru færir í þessari erfiðu íþrótt. Jón hafði betur eftir tvísýna keppni.

DV-myndir Hson

Þrír þeir bestu í kata táninga, fæddir 1978–'79. Frá hægri, Kristján Guðjónsson, Þórshamri, sem sigraði. Í miðju er Lárus Jónsson, Baldri, sem varð í 2. sæti, og Vilhjálmur Vilhjálmsson, KFR, en hann varð í 3. sæti.

Handbolti – bikarkeppni:

Spennandi leikir

Undanúrslit í bikarkeppni HSÍ urðu sem hér segir:

Í 2. flokki karla vann Stjarnan lið Vals í hörkuspennandi leik, 14–13, og mætir ÍBV eða FH í úrslitaleik.

Undanúrslitaleikirnir í 3. flokki karla voru æsispennandi en FH bar sigurorð af Fram, 14–13, og KR vann Stjörnuna, 17–16.

Í 4. flokki karla vann KR auðveldan sigur á Víkingi, 18–13, og Grótta vann FH, 17–14.

Haukar unnu FH í 2. flokki kvenna, 12–10, og KR vann ÍBV, 11–13.

Ólokið er viðureign ÍBV og Vals í 3. flokki kvenna en FH vann Víking í Víkinni, 13–14.

KR vann Val, 16–10, í 4. flokki kvenna og ÍR hrósaði sigri gegn Fram, 11–10.

-HR